

# Útfylling eignaskrár RSK 4.01

## Um útfyllingu einstakra dálka

Athugið að alltaf skal færa upplýsingar í dálka 1, 2, 3, 4 og 7. Aðeins skal færa í dálka 5 og 6 á kaupári eignar og aðeins skal færa í dálka 13 til 18 á söluári eignar.

## 1 Heiti eða tegund eignar

Hér skal tilgreina heiti eða tegund eignar. Ef heiti eða tegund eignar eða eignaflokks ber það ekki með sér til hvers eignin er notuð skal tilgreina hver notkunin er svo að séð verði undir hvaða fyrningarflokk eignin fellur. Nafn fasteignar og fastanúmer, ef metin er, skal tilgreint á sama hátt og í fasteignamatsskrá en ella samkvæmt byggingarsamþykkt eða byggingarleyfi. Götunafn og húsnúmer skal tilgreint þar sem það á við. Þegar um fleiri en eitt útihús á bújörð er að ræða, er nóg að tilgreina nafn jarðarinnar í fyrstu línu. Færa skal fastnúmer bifreiðar.

Tilgreina skal til hvers fasteign er notuð, þannig að séð verði undir hvaða fyrningarflokk hún fellur samkvæmt reglugerðinni, t.d. verslunarbygging, verksmiðjubygging, veitingahús, dráttarbraut, gróðurhús o.s.frv., eða enn nánar eftir því sem við á, t.d. ef um útihús á bújörð er að ræða, þá fjós, hlaða, fjárhús o.s.frv.

**Í tilvikum fasteigna og ökutækja skal færa fastanúmer fasteigna og skráningarnúmer ökutækis.**

## 2 Auðkenni eignar

Hér skal færa auðkennisnúmer eignar, sem aðgreinir hana frá öðrum eignum. Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu tveir sýna fyrningarflokk, þá standa tveir fyrir tegund eignar (sbr. töfluna Tegundarflokkun eigna á næstu síðu) og síðustu þrjú stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002 o.s.frv.

**Dæmi:** Fyrsta tölvan sem keypt var á árinu 2006 (fyrningarflokkur 4 tegund 51) fær auðkennið 060451001.

## 3 Uppruni eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir uppruna eignar. Ef eign var til í ársbyrjun skal færa 0, ef eign var keypt á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign var smíðuð, byggð eða framleidd á árinu skal færa 2.

## 4 Ráðstöfun eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir ráðstöfun eignar. Ef eign var til í árslok skal færa 0, ef eign var seld á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign ónýttist á árinu skal færa 2.

## 5 Kennitala seljanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu seljanda eignar, sem keypt var á rekstrarárinu. Ef seljandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

## 6 Innskattur

Hér skal færa fjárhæð innskatts við kaup á eign. Ef eign var ekki innskottuð við kaup skal ekkert fært hér. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

## 7 Kaupverð/stofnverð

Hér skal tilgreina kaupverð eða stofnverð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2018 í dálki 7, eða kaupverð eða stofnverð eigna sem aflað var á árinu 2019.

## 8 Bókfært verð í upphafi reikningsárs

Hér skal tilgreina bókfært verð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2018 í dálki 12.

## 9 Fyrningarlutfall

Hér skal tilgreina hundraðshluta fyrningar af fyrningargrunni eignar, sbr. 37. gr. skattalaga.

## 10 Almenn fyrning ársins

Hér skal færa almenna fyrningu ársins. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna, sbr. 34. gr. Eign skv. 1. og 2. tl. 33. gr. (fyrningarflokkar 1-6) má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir 10% af fyrningargrunni hennar sem niðurlagsverð eignarinnar, sbr. 42. gr. Full fyrning er á því ári þegar eign er fyrst nýtt við öflun tekna en ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu. Hér skal fyrna að fullu þær eignir sem ónýttast á árinu.

Ef um lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi bókfærðs verðs í upphafi reikningsárs samkvæmt dálki 8 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign var keypt á árinu skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign varð ónýtt á árinu skal þó færa hér eftirstöðvar bókfærðs verðs.

Ef um aðrar eignir en lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9, eða eftirstöðvar bókfærðs verðs ef eign varð ónýtt á árinu.

## 11 Aukafyrning ársins

Hér skal tilgreina fyrningar sem heimilar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga.

## 12 Bókfært verð í lok reikningsárs

Hér skal færa bókfært verð eigna í lok reikningsárs. Bókfært verð eigna sem til voru í upphafi reikningsárs er fjárhæð í dálki 8 að frádregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11. Bókfært verð eigna sem aflað var á árinu er fjárhæð í dálki 7 að frádregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11.

## 13 Kennitala kaupanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu kaupanda eignar, sem seld var á rekstrarárinu. Ef kaupandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

## 14 Söluverð

Hér skal færa söluverð sérhverrar seldrar eignar á rekstrarárinu. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

## 15 Útskattur

Hér skal færa fjárhæð útskatts við sölu á eign. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

## 16 Söluhagnaður/sölutap (-)

Hér skal færa söluhagnað eða sölutap af sérhverri seldri eign á rekstrarárinu. Söluhagnaður færast sem + (plús) og sölutap sem - (mínus).

Athugið að ekki skal fylla dálkinn út vegna eigna sem ónýttast á árinu. „Sölutapið“ er þess í stað fært sem fyrning í dálk 10. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

## 17 Frestaður söluhagnaður

Sé þess óskað að skattlagningu söluhagnaðar í dálki 16 verði frestað, kemur í þennan dálk sú fjárhæð söluhagnaðar af hverri seldri eign sem frestað er til skattlagningar, skv. 14. gr., 15. gr., 22. gr. eða 27. gr. skattalaga. Tilgreina skal flokk frestunar í dálk 18. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

## 18 Flokkur frestunar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir flokk frestunar á söluhagnaði. Fjárhæð frestaðs söluhagnaðar skal færð í dálk 17. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

- Merkja á 1 ef óskað er frestunar á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót, skv. 14. eða 15. gr. skattalaga.
- Merkja á 2 sé um að ræða frestun á skattlagningu söluhagnaðar um allt að fimm ár vegna alþjóns eða eignarnáms, skv. 22. gr. skattalaga.
- Merkja á 3 til 7 ef óskað er frestunar í hlutfalli við afborgunartíma skuldaviðurkenningar, skv. 27. gr. skattalaga, þ.e. 3 fyrir þrjú ár, 4 fyrir fjögur ár o.s.frv., upp í 7 fyrir sjö ár.